

LÖG

um breytingu á lögum nr. 76 19. ágúst 1987, um Iðnlánasjóð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laganna komi 0,18% gjald í stað 0,25% gjalds.

2. gr.

4. tölul. 9. gr. laganna falli brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1991.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1990.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Sigurðsson.

LÖG

um brottfall laga og lagaákvæða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög þau, lagafyrirmæli og lagaákvæði, sem greind eru í 2.–30. gr. laga þessara, eru felld úr gildi.

2. gr.

Lög er varða embættismenn og yfirlögd.

1. Tilskipun um erindi til stjórnarinnar, áritun á þau o.fl., 3. apríl 1771.
2. Opið bréf kansellísisins um afrit skjala sem send eru til staðfestingar, 23. janúar 1789.
3. Tilskipun um samningu umsókna- og kærubréfa o.fl., 28. desember 1792.
4. Konungsbréf um sektavald amtmanna, 3. janúar 1823.
5. Tilskipun um lögleiðing nokkurra lagaboða á Íslandi sem út komu fyrir Danmörku árið 1827, 21. desember 1831.
6. Konungsráðgjafi um að dómsmálastjórnin skuli hafa vald til að útkljá nokkur mál, 23. desember 1864.
7. Tilskipun um hvernig gegna skuli embættisstörfum amtmanna, stiftsfirvalda og landfógeta á Íslandi, þegar embætti þessi verða lögd niður, nr. 12/1904.